

**Hversu sanngjarn starfsvettvangur er Íslenska Óperan fyrir
íslenska söngvara?**

Sveinn Enok Jóhannsson

Listaháskóli Íslands
Tónlistardeild
Hljóðfæraleikur / Söngur

Hversu sanngjarn starfsvettvangur er Íslenska óperan fyrir íslenska söngvara?

Sveinn Enok Jóhannsson
Leiðbeinandi: Sigrún Ásta Jónsdóttir
Vorönn 2014

Útdráttur

Íslenska Óperan var stofnsett 3. október 1980 en róður hennar hefur ætíð verið þungur enda að mörgu að hyggja margar hendur koma að hverri óperuuppfærslu. Val á söngvurum hefur alltaf verið umdeilt sem og störf hinna þriggja óperustjóra. Áherslan í þessari ritgerð er að skoða hvernig staðið hefur verið að vali söngvara í hlutverk hjá Íslensku óperunni. Allar leikskrár voru lesnar og nöfn allra þeirra sem voru í kór og sungu aðalhlutverk í hverri óperu, þá var skoðað hverjir voru í stjórn óperunnar. Einnig var listað upp hvaða óperur eru settar upp og eftir hverja. Myndrænum töflum sem sýna dreifingu milli radda verður varpað fram sem og hlutdeild hvers og eins í sögu óperunnar. Einnig verður athugað hvort einhver sjáanleg tengsl séu á vali óperunnar á hinum ýmsu söngvurum. Skoðað verður hvaða einsöngvarar taka þátt í sýningum á vegum óperunnar frá stofnun og rýnt í hver söng hvaða hlutverk og af hverju sumir syngja oftar en aðrir. Rætt verður um hvort hægt sé að endurskapa óperuna í annarri mynd en hún er í dag og hvaða kostir eru í stöðunni í þeim efnum. Viðtal var tekið við Kristján Jóhannsson óperusöngvara, bakland hans, menntun og tengin hans við upphaflegu stjórn óperunnar.

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Íslenska Óperan	5
Unnið úr gögnum	7
Colorature sópran	11
Sópran	11
Mezzo-sópran	13
Kontra-alt	14
Tenór	14
Bassi	16
Baritón	17
Kór Íslensku Óperunnar	17
Óperur	20
Viðtal við Kristján Jóhannsson	21
Lokaorð	23
Heimildaskrá	24

Inngangur

Íslenska óperan hefur í tæp 35 ár verið vettvangur fyrir klassíska söngvara. En hversu mikilvægur starfsvettvangur er Íslenska óperan? Er Íslenska óperan hvetjandi vinnustaður sem er opinn er fyrir metnaðarfullum og hæfileikaríkum söngvurum? Eða er farið í manngreinarálit? Hvernig hefur stjórn Íslensku óperunnar haft áhrif á val á óperum og hlutverkum. Þessum spurningum og fleirum verður reynt að svara með þeim upplýsingum sem til eru. Aðallega var stuðst við gögn sem liggja fyrir í óperuskram, frá fyrstu Óperuuppsetningunni *Pagliacci* og til þeirrar síðustu *Il Trovatore*. Skráðar voru niður allar sýningar Íslensku óperunnar, hvenær þær voru sýndar, hversu oft þær voru sýndar, hversu margir sóttu sýningarnar, hverjir sungu aðalhlutverkin, hvert er bakland þeirra sem sungu aðalhlutverkin og hverjir sungu í kór Íslensku óperunnar. Samantekt og úrvinnsla þessara tölulegu gagna varpa ljósi á starfsemi og þróun Íslensku óperunnar. Kór óperunnar samanstóð fyrst um sinn af efnilegum nemendum Söngskóla Reykjavíkur. Er mögulega hægt að sjá úr gögnunum þá þróun söngvar úr kór óperunnar í það að fá veigameiri hlutverkum síðar á söngferlinum? Í lokin var tekið viðtal við Kristján Jóhannsson óperusöngvara, sem á að gefa innsýn þeirra sem hafa ekki sungið í Íslensku Óperunni en hafa engu að síður gert sér gott nafn út í hinum stóra heimi.

Íslenska Óperan

Stofndagur Íslensku óperunnar er 3. október 1980 og voru stofnskrár samþykktar af forseta Íslands. Ári áður eða 1979 hafði Íslenska óperan reyndar flutt frumraun sína sem var óperan *I Pagliacci* eftir Ruggiero Leoncavallo¹. Á stofndegi óperunnar var sagt frá þeim gleðitíðindum að Íslenska Óperan væri gjafþegi af einum fjórða hlut úr dánarbúi kaupmannshjónanna Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar². Fjárhæðin nam tæpum milljarði króna eða um 10 milljónum nýkróna. Þessi fjárhæð var notuð til að kaupa Gamla bíó og þar var Íslenska óperan staðsett í rúm þrjátíu ár. Þar voru settar upp 64 sýningar en að auki voru 10 sýningar settar upp annars staðar.

Rekstur óperu er töluvert erfiður enda margt sem þarf að hugsa um. Það sem áhorfandi sér gerast á sviðinu er einungis lítið brot af þeirri vinnu sem farið hefur í vinnslu verksins og má þar nefna heila hljómsveit sem telja 50-60 manns, kór með í kringum 30 manns, sviðsmenn, ljósamenn, förðunarfræðinga, aðilar í hárgreiðslu, tónlistarstjóra, hljómsveitarstjóra, kórstjóra og óperustjóri. Til dæmis má geta þess að þegar fyrsta óperan *I Pagliacci* var frumsýnd í Háskólabíó var ekki hægt að æfa verkið nema þegar engar sýningar voru í húsinu á kvöldin og á nóttunni. Þegar að frumsýningarhelginni var komið, frumsýna átti á laugardegi, þurfti að fresta sýningunni fram á sunnudag. Auglýsingin var birt í helstu miðlum en þar var ástæðan sögð vera vegna ófærðar³. Engu að síður var óperan flutt á sunnudeginum 11. mars og fékk sýningin góðar viðtökur og frábæra dóma, en helst var sett út á það hversu óhentugt húsnæði Háskólabíó væri, en það átti eftir að breytast á komandi ári. Ýmsir hafa reynt rekstur á óperu en mistekist en Íslenska Óperan hefur sannað sig með miklu úthaldi.

Fastráðning söngvara var háleitt markmið Íslensku óperunnar og virtist í fyrstu vera fjarlægur draumur en á haustdögum árið 2001, nánar tiltekið 21. ágúst voru þau tíðindi opinberuð að óperan hafi fastráðið til sín Ólaf Kjartan Sigurðsson⁴, barítón söngvara. Hér má segja að blað hafi verið brotið í sögu Íslensku Óperunnar og má segja að loksins standi óperan að einhverju leiti jafnfætis við Sinfóníuhljómsveit

¹ Þuríður Pálsdóttir, *Pagliacci*, Íslenska Óperan, Gamla bíó, 1979.

² Björn Jóhannsson, „Höfðingleg gjöf“, *Morgunblaðið*, 4. nóvember 1980, bls. 20.

³ Höfundar ekki getið, „Pagliacchi frumflutt á morgun“, *Morgunblaðið*, 10. mars 1979, bls. 2.

⁴ Höfundar ekki getið, „Ögrandi og spennandi verkefni“, *DV*, 28. Ágúst 2001, bls. 13.

Íslands og Þjóðleikhússins sem bæði hafa haft fastráðna listamenn á sínum snærum í langan tíma. Þótt Íslensku Óperunni hafi tekist að fastráða til sín söngvara á tímabilinu 2001 – 2004, þá var fallið frá því 2005 og aftur farið í að gera verktaka samninga til mun styttri tíma. Þó Íslenska Óperan hafi haldið út starfsemi í langan tíma þá tókst henni ekki að byggja upp hóp fastráðinna starfsmanna.

Hlutverk óperustjóra er fjölþætt og vandasamt en hann sér t.d um að ráða tónlistarstjóra. Þeir velja svo í sameiningu uppfærslu við hæfi þeirra söngvara sem í boði eru á hverjum tíma, haldnar eru söngprufur og í framhaldi af því eru ráðnir söngvarar og kórmeðlimir. Þetta fyrirkomulag er mjög líkt því sem gerist allstaðar annarsstaðar í óperuheiminum. Val á söngvurum hefur í gegnum tíðina verið umdeilt og má þá helst nefna að fyrsti óperustjórinn Garðar Cortes, söng sjálfur aðalhlutverk með félögum sínum úr Söngskóla Reykjavíkur nánast samfleytt í tuttugu ár. Bjarni Daníelsson tók við af Garðari sem óperustjóri árið 1999 og gegndi því í 8 ár og starfaði sonur Bjarna, Finnur Bjarnason tenór söngvari við óperuna á því tímabili⁵. Núverandi óperustjóri Stefán Baldursson hefur ekki verið gagnrýndur fyrir slík tengsl þótt oft heyrast gagnrýnisraddir um óperuval og söngvaraskipan, Stefán hefur engan tónlistarbakgrunn en er aftur á móti hokinn leikstjórnarreynslu⁶. Hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands er ráðningaferli hljóðfæraleikara þannig háttað að þeir sem sækja um spila í prufuspili bakvið tjald en hinum megin er dómnefnd sem síðan ákveður hlutlaust hver spilaði best og útfrá því er sá aðili ráðinn, fyrirkomulag sem þetta gefur öllum jöfn tækifæri á ráðningu burtséð frá vina- eða fjölskyldutengslum. Leiða má hugann að því hvort óperan geti haft svipað form í ráðningaferli sínu, að sjálfsögðu er þetta ekki eins, þeir sem syngja þurfa að sýna öryggi á sviði og getað túlkað sjónrænt, ásamt því að syngja svo áhorfandinn skilji söguna og njóti jafnframt söngsins. Til að komast hjá því að ráða einungis besta söngvarann en kannski versta leikarann væri hægt að þrepaskipta ráðningaferlinu. Fyrst eru bestu söngvararnir valdir með fyrrgreindri aðferð og svo eru þeir metnir uppá sviði. Íslenska Óperan hefur verið skuldum sett nánast frá byrjun og hafa margir deilt um tilvist hennar í þeirri mynd sem hún er í dag en það má segja með nokkurri vissu að ekkert vel rekið fyrirtæki gangi upp starfandi allt árið um kring þar sem ágóði af sýningum tvo til þrjá mánuði er uppistaðan. Þær tillögur um breytingar á starfsemi óperunnar hafa þá helst

⁵ Bodo Igesz, *Lúkretía svívirt*, Íslenska Óperan, Gamla bíó, 2000.


⁶ Óperustjóri Íslensku Óperunnar, Íslenska Óperan, sótt 9. janúar 2014.

fjallað um að hún ætti að sameinast Þjóðleikhúsinu sem deild innan þess en þannig er það gert víða á norðurlöndunum⁷.

Unnið úr gögnum

Vinnsla gagna fór þannig fram að með hjálp Íslensku óperunnar var unnt að fá flestar þær leikskrár sem gefnar hafa verið út fyrir hverja óperuuppfærslu. Nafn óperunnar var tilgreind sem og nafn tónskáldsins. Allir þeir sem sungu, annaðhvort sem meðlimir í kór eða söngvarar með hlutverk voru skráðir niður. Hlutverk hvers og eins voru tilgreind og skilgreining radda var gerð þannig að farið var eftir því sem tónskáldið hafi hugsað sér, það er að segja að þó svo að söngvari hafi verið bartón en tónskáldið hafi hugsað sér tenór í hlutverkið að þá var söngvarinn titlaður tenór. Menntun þeirra sem sungu nafngreind hlutverk voru skráð niður. Því næst var tilgreint hvenær óperan var frumsýnd, hversu margar sýningar voru sýndar, hversu margir gestir komu á meðan sýningu óperunnar stóð og loks hver meðalfjöldi áhorfenda var á hverri sýningu. Uppbygging stjórnar Íslensku óperunnar var einnig tilgreind og skoðuð fyrir hverja uppfærslu. Út frá fyrrnefndum gögnum verður reynt að varpa fram heildstæðri mynd af þeim vinnustað sem Íslenska óperan er og hvort hún sé vettvangur framfarar og nýsköpunar fyrir íslenska söngvara

74 óperur hafa verið settar upp á þeim rúmlega 33 árum sem Íslenska óperan hefur starfað. Þær hafa gefið af sér 591 hlutverk⁸. Jafnvægi ríkir á milli aðalraddanna fjögurra þótt það halli aðeins á hlutverk baritónsins. Kynjakvótinn hallar nokkuð á kvenhlutverkin en tilgreind karlahlutverk eru með 60% hlutverka á meðan kvenhlutverkin einungis 40%. Ástæðan fyrir



⁷ The History of the Royal Danish Theatre, The Royal Danish Theatre, sótt 9. janúar 2014.

⁸ Hér eftir, í fjölda og prósentutölum verður stuðst við þá rannsóknarvinnu sem fór fram við gerð þessarar ritgerðar.

Þessum mun er nokkuð augljós. Því hvað annað fjalla óperur um en ástir karls og konu og þeirra strögl við mótlætið sem heimurinn hreytir framan í þau hvað eftir annað?. Með þessa vitneskju í höndum er myndin hér fyrir ofan auðveldlega útskýrð. Ástfangnir karlmenn eru barítónar og tenórar en þeir gera upp 40% af heildinni sem er það sama og kvennraddirnar, hér erum við komin með jafnt hlutfall eða eina konu á einn mann. Þar sem það hefur ekki tíðkast að hafa aðal skúrkinn kvenkyns þá tekur bassinn það á sig að vera það mótlæti sem hetjurnar lenda í eða þau 20% sem eftir eru af hlutverkunum.


Smæð samfélagsins kemur niður á Íslensku Óperunni vegna þess að þá er einfaldlega úr færri söngvurum að velja. Það hefur oft komið upp að söngvari sem skilgreinir sig sem sópran söngkonu syngi hlutverk ætlað mezzo-sópran og þeir sem skilgreina sig sem mezzo-sópran syngi hlutverk sem ætlað er kontraalt. Þessi staða gerist sjaldnar hjá karlahlutverkum en stöku sinnum á upphafsárum óperunnar sungu tenórar barítóna hlutverk og barítónar sungu bassa hlutverk. Ef um stærra samfélag hefði verið að ræða þá hefði vafalaust verið hægt að fá færar söngvara til að syngja sína rödd hverju sinni. Svona aðstæður hljóta að koma niður á ætluðum hljómi tiltekinna verka þó svo að raddgæðin hafi verið góð. Nýjasta dæmi um þetta er hlutverk Carmen úr samnefndri sýningu eftir Bizet en það hlutverk söng Hanna Dóra Sturludóttir⁹ sem alla tíð hefur skilgreint sig sem sóprankonu og gert það gott í hinum stóra óperuheimi, en hlutverkið er skrifað fyrir mezzo-sópran sem er dýpri og dekkri rödd. Jónas Sen skrifaði gagnrýni um óperuna og hafði þetta að segja um Hönnu: „Hanna Dóra Sturludóttir, sem einnig hefur oft slegið í gegn á tónleikum hér og erlendis, var ekki heldur góð. Aríurnar hennar voru svo þunglamalegar og hægur að undrun sætti. Sú fyrsta t.d. var ekki svipur hjá sjón.“¹⁰ Sú staðreynd að Hanna er sópran söngkona gæti hugsanlega verið ein af þeim ástæðum að söngur hennar hafi verið „þunglamalegur og hægur“ því hún einfaldlega var ekki að syngja á sínu náttúrulega raddsviði. Aftur á móti má ekki gleyma því að tónlistar- og óperustjóri ráða því hvernig hljóm þeir vilja í tiltekin hlutverk og þar sem að Hanna Dóra er dramatískur sópran var ef til vil ekki brotið neitt blað í sögu óperunnar stjórnin fannst hún einfaldlega best í hlutverkið af þeim sem sóttu um.

⁹ Jamie Hayes, *Carmen*, Íslenska Óperan, Harpa, 2013.


¹⁰ Jónas Sen, „Bara einn söngvari sló í gegn“, *Vísir*, 21. október 2013, sótt 9. janúar 2014.

Áhorfendafjöldi á sýningum er jafn misjafn og sýningarnar en enn hefur ekki tekist að slá áhorfendamet fyrstu sýningarinnar í Gamla Bíó, sem var í janúar 1982 þegar *Sígaunabaróninn* eftir Strauss var sýndur. Sú sýning var sýnd 49 sinnum og sóttu hana um 22.952 áhorfendur. Í töflunni hér að neðan eru teknar út fyrstu tvær sýningarnar sem settar voru upp í Háskólabíói og þær fjórar sem settar hafa verið upp í nýja húsi óperunnar, Hörpu. Heildarfjöldi þeirra sem sótt hafa sýningar Íslensku Óperunnar (að undanskildum þeim sem settar hafa verið upp í Hörpu) er í kringum 378 þúsund manns sem hlýtur að geta talist mjög gott miðað við það hrjóstruga umhverfi sem stjórnendur óperunnar hafa alla tíð þurft að vinna við. Á þeim 33 árum sem hér eru tekin fyrir, hafa rúm 11 þúsund manns sótt óperuna heim á hverju ári.

Meðaláhorfandafjöldi á hverja sýningu



Fjöldi gesta og sýninga



Colorature sópran

Af þeim átta raddgerðum sem sungið hafa í Íslensku óperunni eru Colorature sópranar með langflesta af erlendum aðilum sem sungið hafa hlutverk eða 28% súa tala gefur kannski ekki nákvæmstu birtingarmynd af fjölbreytileika í söngvaravali, en öll súa tala kemur til vegna uppsetningu á *Töfraflautunni* eftir Mozart árið 1991¹¹. Af þeim 591 hlutverkum sem óperan hefur boðið uppá eru Colorature sópranar einungis með 14 hlutverk eða um 2%. Þar sem hlutverk fyrir Colorature sóprana

virðist ekki vera á hverju horni, þá hlýtur það að teljast sérkennilegt að í þau fjögur skipti sem *Töfraflautan* hefur verið sett upp hefur Sigrún Hjálmtýsdóttir sungið Næturdrottninguna sem ku vera colorature sópran í þrjú skipti. Það sem ef til vill stingur hvað mest í stúf er að í þriðja skiptið sem hún söng fyrirnefnt hlutverk var hún í stjórn Íslensku óperunnar¹². En svona innbyrðis tengingar vekja alltaf spurningar um það hvort fyllsta jafnræðis hafi verið gætt.

Sópran

Flest hlutverk innan óperunnar eru skrifaðar fyrir sópran raddir. Munurinn er þó ekki ýkja mikill milli tenóra sem eru í 24% tilvika en sópraninn er í 26% tilvika. Í samfélagi söngvara í dag er ákveðinn gremja sem greinilega má finna fyrir í garð Íslensku óperunnar og þá sérstaklega gagnvart vali á sóprönum í hin ýmsu hlutverk. Það má með sanni segja að ritgerðahöfundur hafi farið inni þetta ritgerðaval litaður af

Colorature sópranar



¹¹ Christopher Renshaw, *Töfraflautan*, Gamla bíó, 1991, bls. 43.


¹² Hilmir snær Guðnason, *Töfraflautan*, Gamla bíó, 2001, bls. 56.

fordómum og skoðunum annar, en þegar gögnin eru tekin saman að þá sést það á svörtu og hvítu á hverslags brauðfótum þær skoðanir standa. Af 151 hlutverki sem ætlað er sópran röddum þá hafa um 55 mismunandi söngkonur sungið þau hlutverk. Sú söngkona sem sungið hefur hvað oftast sópran hlutverk er Ólöf Kolbrún Harðardóttir en hún hefur sungið í 12% tilvika sem er minna en margan hefði grunað. Hulda Björk Garðarsdóttir og Sigrún Hjálmtýsdóttir eru þær söngkonur sem hvað næstar komast Ólöfu en þær eru hvorar um sig með 8% hlutdeild í sópran hlutverkum. Sú staðreynd að Ólöf Kolbrún skuli hafa sungið flest sópranhlutverk getur helgast af

því að hún er ein af þeim lykilpersónum sem stofnuðu Íslensku Óperunnar en sú þrautarganga hefur ekki aðeins kostaða hana ómældan tíma heldur ákvað hún að hætta í skóla¹³ út á Ítalíu til þess að geta unnið við og séð til þess að Íslenska Óperan varð að því sem hún er í dag. Án hennar krafta, þrautseigju og dugnaðar er allsenda óvíst hvort íslenska þjóðin ættum Óperuhús yfir höfuð í dag. Spurningar gætu þó vaknað þegar litið er á tengsl stjórnar Íslensku Óperunnar og val á einsöngvurum í sýningar Til dæmis er saga Þóru Einarsdóttur áhugaverð en hún kemur fyrst fram með óperunni í

desember 1990 í uppsetningu á *Rigoletto* þá 19 ára gömul þar fór hún með lítið hlutverk sem þjónn en aðal söngkennari hennar á þessum tíma var Ólöf Kolbrún sem var einnig stjórnarmeðlimur Íslensku óperunnar¹⁴. Fimm árum síðar í janúar 1996 er Þóra komin með eitt af aðalhlutverkunum í uppsetningu á *Galdra Lofti*, en Ólöf Kolbrún var þá einnig í stjórn¹⁵. Hér er á engan hátt verið að draga úr þeim miklu

Sópranar



¹³ Katrín Pálsdóttir, “Verð oft andvaka út af söngtextunum“, *Vísir*, 31.mars 1979, bls. 16.

¹⁴ Kristín S. Kristjánsdóttir, *Rigoletto*, Íslenska Óperan, Gamla bíó, 1990, bls. 36.

¹⁵ Halldór E. Laxness, *Galdra Loftur*, Íslenska Óperan, Gamla bíó, 1996, bls. 81.

hæfileikum sem Þóra býr yfir en hún hefur margsannað það með flutning sinn um allan heim að hún er óperusöngkona á heimsælikvarða en tengsl hennar við stjórnarmeðlim vekja óneitanlega upp spurningar.


Mezzo-sópran

Þau hlutverk sem í boði hafa verið fyrir Mezzo-sóprana eru 56 talsins. Sesselja Kristjánsdóttir hefur sungið flest þeirra eða 11% hlutverka. Þessi árangur hlýtur að teljast mjög góður þar sem að hún er tiltölulega nýkomin á sjónarsvið Íslensku Óperunnar, en eftir nám sitt í Þýskalandi fékk hún lítið hlutverk árið 2001 sem þriðja meyjja í uppsetningu Íslensku Óperunnar á *Töfraflautunni*¹⁶. Strax árið eftir var hún komin með eitt af burðarhlutverkum í uppsetningu á *Rakaranum í Sevilla*¹⁷. Sesselja var auk þess einn af þeim söngvörum sem Íslenska Óperan fastréð og var hún með samning frá árinu 2002 til ársins 2004¹⁸. Þetta háa hlutfall sem Sesselja er með ræðst einkum af því að hún var fastráðin og á þessum tíma tók hún þátt í sjö uppfærslum.

Af þeim 56 hlutverkum sem í boði hafa verið fyrir Mezzo-sópran hafa 30 söngkonur sungið og því hefur rennsli söngkvenna verið mjög gott og margar fengið að spreyta sig á sviðinu.

Mezzo-sópranar

- Anna Júlíana Sveinsdóttir
- Ásrún Davíðsdóttir
- Bylgja Dís Davíðsdóttir
- Elísabet Erlingsdóttir
- Elsa Waage
- Hrönn Hafliðadóttir
- Rannveig Friða Bragadóttir
- Sesselja Kristjánsdóttir
- Sieglinde Kahmann
- Signý Sæmundsdóttir
- Sigríður Ella Magnúsdóttir
- Aðrir




¹⁶ Hilmir snær Guðnason, *Töfraflautan*, Íslenska Óperan, Gamla bíó, 2001, bls. 28.

¹⁷ Ingólfur Niels Árnason, *Rakarinn í Sevilla*, Íslenska Óperan, Gamla bíó, 2002, bls. 28.

¹⁸ Heimasíða Íslensku Óperunnar, *Íslenska Óperan*, Íslenska Óperan.

Kontra-alt

Einungis 3% hlutverka sem í boði hafa verið í Íslensku Óperunni hafa verið ætluð kontraalt. Í þessum flokki er fjölbreytni söngvara mest en af þessum átta konum hafa einungis þrjár þeirra sungið oftast en einu sinni en sjaldnar en þrisvar. Allar í þessum flokki eiga það sameiginlegt að gera sig ekki út fyrir að vera kontraalt heldur mezzosópran.



Tenór

Sópran og tenór hlutverk skipa nokkurn veginn jafnan sess í sambandi við fjölda hlutverka. Sópran er með 151 hlutverk á meðan tenórinn er með 140. Skiptingin er nokkuð góð tiltölulega margir hafa spreytt sig þó í misstórum hlutverkum. Helst er að nefna Þorgeir J. Andrésson, Snorri Wium, Sigurð Björnsson, Jóhann Friðgeir Valdimarsson og Garðar Cortes. Þeir hafa allir sungið í 12 mismunandi uppfærslum. Snorri Wium hefur

Tenórar



að vísu sungið í 13 verkum en hann hefur aðeins sungið í minni hlutverkum að undanskyldu hlutverki Werther í samnefndri óperu eftir Massenet árið 2003¹⁹. Garðar Thor Cortes kemur fyrst á sjónarsviðið í kór Íslensku Óperunnar í uppsetningu á *Carmina Burana* eftir Carl Orf, október 1995²⁰ þá 21 árs gamall. Í kórnum er hann þar til síðla árs 1998 þegar hann fær sitt fyrsta aðalhlutverk í uppsetningu á *Carmen Negra* en í stjórn Íslensku Óperunnar á sama tíma var faðir hans Garðar Cortes²¹. Það verður ekki of oft kveðið í þessari rannsóknarritgerð að hér er einungis verið að horfa á hlutina eins og þeir eru og ekki með neinu móti verið að kasta rýrð á þá hæfileika sem Garðar Thor vissulega hefur. En svona tengsl aðila í annars mjög erfiðu umhverfi söngvara getur skapað tortryggni og gremju.

¹⁹ Kári Halldór, *Werther*, Íslenska Óperan, Gamla bíó, 2003, bls. 40.

²⁰ Terence Etheridge, *Carmina Burana*, Íslenska Óperan, Gamla bíó, 1995.

²¹ Steward Trotter, *Carmen Negra*, Íslenska Óperan, Gamla bíó, 1998.

Bassi

Næst hljómar hinn dimmi og drungalegi söngur bassasöngvarans en þeir skipa þriðja sæti og hala til sín 20% hlutverka. Dreifing hlutverka telst eðlileg og hafa margir bassar komið og farið í gegnum óperuna. Kristinn Sigmundsson er einn okkar farsælustu óperusöngvara og einkar eftirsóttur. Þó hann sé einungis með 3% bassahlutverka sem gera 3 hlutverk. Þá hefur hann komið fram hjá Íslensku Óperunni mun oftast sem baritón en hann söng þá rödd á fyrrihluta söngferils síns. Fyrsta bassahlutverkið sem hann söng var Almavíva greifi í *Brúðkaupi Figarós* eftir Mozart árið 1989²² en hann söng bassa hlutverk eftir það. Eins og sjá má þá er Viðar Gunnarsson með 12% hlutdeild og hefur hann sungið oftast að Ólöfu Kolbrúnu frátaldri eða í 14 sýningum, Ólöf í 18 sýningum.

Bassar




²² Þórhildur Þorleifsdóttir, *Brúðkaup Figarós*, Íslenska Óperan, Gamla bíó, 1989, bls. 38.

Baritón

Það er í rauninni hér hjá baritónunum sem við förum sjáum einhverja greinilega misskiptingu. Ágúst Ólafsson kemur fyrst á sjónarsviðið sem Sweeney Todd í samnefndri óperu eftir Sondheim árið 2004²³. Hann hverfur í um 3 ár og snýr aftur í óperunni *Flagari í framsókn* eftir Igor Stravinsky en eftir það hefur hann verið viðloðinn hlutverkaskipan hjá Íslensku Óperunni og tekur til sín 14% af öllum baritón hlutverkum ásamt Bergþóri Pálssyni. Ólafur Kjartan Sigurðsson er einnig atkvæðamikill með 11% hlutdeild en hann var fyrsti söngvari Íslensku Óperunnar sem var fastráðinn. Hér má einnig finna merkan mann en hann Kristinn Sigmundsson söng á fyrri hluta söngferils síns baritón hlutverk áður en að hann varð heimsfrægur bassasöngvari.

Baritónar



Kór Íslensku Óperunnar

Frá upphafi Íslensku Óperunnar og fram til ársins 2004 var kórinn skipaður frambærilegum söngnemendum frá Söngskóla Reykjavíkur og ekki furða þar sem í skólanum var aðal frumkvöðull Íslensku Óperunnar, skólustjóri Söngskóla Reykjavíkur og Óperustjóri, hann Garðar Cortes og hafði hann í djúpan vasa að seilast varðandi val á söngvurum en alla tíð hefur metnaðarfullt starf farið fram í Söngskólanum. Það hefur án fyllt margan kórmeðliminn metnað og von um það að klassískir söngvarar eigi framtíð á Íslandi. Það sem var einkar skemmtilegt við vinnslu

²³ Magnús Geir Þórðarson, *Seeney Todd*, Íslenska Óperan, Gamla bíó, 2004, bls. 32.

Þessarar ritgerðar var að sjá þróun einstaklinga frá því að byrja í kór Íslensku Óperunnar og eftir nokkur ár, fá litla rullu og síðar að fá stærra hlutverk. Nokkuð margir einstaklingar hafa farið þessa þroskaleið frá kórsöngvara í aðalsöngvara og má þar nefna Viðar Gunnarsson bassa sem byrjaði í kórnum árið 1984 í uppsetningu á *Carmen*²⁴ eftir Bizet þá 34 ára. Eftir einungis tvö ár er hann kominn með lítið hlutverk í uppsetningu á *Il Trovatore* eftir Giuseppe Verdi þar sem hann túlkaði Ferrando²⁵. Bjarni Thor Kristinsson er annar bassa söngvari sem fór þessa leið en hann byrjaði í kórnum í uppsetningu á *Lucia di Lammermoor* eftir Donizetti²⁶ þá 25 ára gamall. Ári seinna eða í desember 1993 fékk hann litla rullu en hann túlkaði Zaretskí í óperunni *Évgení Ónegín*²⁷ eftir Pjotr Íljítsj Tsjajkovskí. Þá var hann enn í námi í Tónlistarskóla Reykjavíkur. Þorgeir J. Andrésson tenór kemur frekar seint á sjónarsviðið eða árið 1984 þegar hann er 38 ára og stundar þá nám við Söngskóla Reykjavíkur. Hann kemur ekki aftur fram fyrir Íslensku óperuna fyrr en 1989 og þá var hann búinn að vera fastráðinn við Ríkisóperuna í Hamborg 1986 til 1987. Hann fer þá aftur í kórinn en landar sínu fyrsta hlutverki hjá Íslensku Óperunni 1990 í *Carmina Burana*²⁸ eftir Carl Orff. Hanna Dóra Sturludóttir kemur inn í kórinn árið 1991 þá 23 ára gömul, hún fór svo til frekara náms í Berlín og gat sér gott nafn þar. Hún kom til Íslands árið 2001 og syngur þá sitt fyrsta burðarhlutverk á Íslandi sem var í *Töfraflautunni* eftir Mozart sem Pamina²⁹. Þóra Einarsdóttir stundaði nám á sama tíma í Söngskóla Reykjavíkur og Hanna Dóra. Þóra bjó erlendis frá árinu 1991 til ársins 2008 en söng reglulega gestahlutverk hjá Íslensku Óperunni. Fyrsta aðalhlutverk sem hún fékk var hlutverk Dísu í óperunni *Galdra Loftur* 1996³⁰.

²⁴ Þórhildur Þorleifsdóttir, *Carmen*, Íslenska Óperan, Gamla bíó, 1984, bls. 24.

²⁵ Þórhildur Þorleifsdóttir, *Il Trovatore*, Íslenska Óperan, Gamla bíó, 1986, bls. 26.

²⁶ Michael Beauchamp, *Lucia di Lammermoor*, Íslenska Óperan, Gamla bíó, 1992, bls. 30.

²⁷ John Copley, *Évgení Ónegín*, Íslenska Óperan, Gamla bíó, 1993, bls. 34.

²⁸ Terence Etheridge, *Carmina Burana*, Íslenska Óperan, Gamla bíó, 1990, bls. 26.

²⁹ Hilmir Snær Guðnason, *Töfraflautan*, Íslenska Óperan, Gamla bíó, 2001, bls. 28.

³⁰ Halldór E. Laxness, *Galdra Loftur*, Íslenska Óperan, Gamla bíó, 2001, bls. 38.


Nafn	Aldur	Ár	Uppfærsla	Aldur við debut
Viðar Gunnarsson	34 ára	1984	Carmen	36 ára
Bjarni Thor Kristinsson	25 ára	1992	Lucia di Lammermoor	26 ára
Jóhann Friðgeir Valdimarsson	29 ára	1996	Galdra Loftur	36 ára
Snorri Wium	24 ára	1986	Galdra Loftur	37 ára
Þorgeir J. Andrésson	38 ára	1984	Carmen	44 ára
Gissur Páll Gissurarson	21 ára	1998	Ástardrykkurinn	32 ára
Hrönn Hafliðadóttir	37 ára	1979	Pagliacci	41 ára
Hulda Björk Garðarsdóttir	27 ára	1995	Carmina Burana	35 ára
Hanna Dóra Sturludóttir	23 ára	1991	Töfraflautan	33 ára
Þóra Einarsdóttir	19 ára	1990	Rigoletto	25 ára
Auður Gunnarsdóttir	26 ára	1990	Pagliacci	37 ára
Alda Ingibergsdóttir	25 ára	1987	Aida	29 ára

Eins og má sjá hafa margir af okkar fremstu óperusöngvurum farið leiðina frá kór og uppí aðalhlutverk en allflestir fara í frekara nám eftir kórinn og koma sigrandi heim. Söngvara stéttin var og er alls ekki undanskilin þeirri menntunarkröfu sem allstaðar fer vaxandi, mætti frekar segja að meiri menntunarkröfur hafi verið gerðar til einmitt söngvara og voru flest allir í upphafi Íslensku Óperunnar með mastersgráðu frá erlendum tónlistarháskólum. Ekki hafa kröfurnar minnkað því það mætti segja að ekki sé tekið mark á þér sem söngvara fyrir en þú sért búinn að afla þér menntunar við hæfi. Sá skóli sem kom hvað oftast við sögu er The Royal Academy of Music í London en hann er og var einn af vinsælustu háskólunum fyrir íslenska söngvara til þess að sækja sér frekari menntunar í sönglist


Óperur

Eins og kannski gefur að skilja þá eru flestar þær óperur sem settar hafa verið upp ítalskar enda eru flest óperutónskáldin þaðan, eða þau sem urðu nafnkunn. Ítalía er það land sem mætti kalla fyrirheitnaland söngvarans og tekur til sín tæp 40% af heildar óperum sem hafa verið settar upp hjá Íslensku Óperunni með tónskáld á borð við Verdi, Puccini, Rossini, Donizetti. Næst á eftir koma Austurríkismenn með 19% með þá Mozart, Johann Strauss, Schubert og Haydn innanborðs. Það mætti kannski segja að 56% óperuuppfærslanna hafi verið öryggar uppfærslur eftir nafnkunn skáld og þannig tryggt góða aðsókn. Skemmtilegt er líka að sjá að Íslenskar óperur taka til sín heil 7% og skipa sess með óperuþjóðum á borð við Frakklandi, Englandi og Þýskalandi. Eins og kannski augljóst var frá upphafi þá er það kunnugur, [1]lítill en engu að síður stórmerkur hópur manna og þeirra óperur sem prýtt hafa svið Íslensku Óperunnar. Verdi vinnur slaginn með 14% þeirra sýninga sem sýndar hafa verið, eftir honum kemur Mozart með 13% síðan Puccini með 8%.

Höfundar



Óperur



Viðtal við Kristján Jóhannsson

Ritgerðarhöfundur fannst mikilvægt að fá álit utanaðkomandi aðila sem jafnframt hefur sannað sig sem söngvara á alþjóðlegum vettvangi en einhverja hluta vegna aldrei fengið tækifæri hjá Íslensku Óperunni. Það má með sanni segja að nánast allir hafi sterkar skoðanir á Kristjáni Jóhannssyni en eitt er það sem ekki er hægt að véfenga og það er hans breiði starfsferill í óperuheiminum. Þar hefur hann sungið titilhlutverk vítt og breytt um Evrópu og má þar helst nefna La Scala 1988, Vienna ríkisóperu 1991 og New York Metropolitan óperu 1993. Það hlýtur því að teljast sérkennilegt að hann hafi aldrei sungið í Íslensku Óperunni.

Kristján Jóhannsson er fæddur 24. maí 1948 á Akureyri. Í tónlistarnámi byrjaði hann 9 ára gamall hjá Lárusi Zophaníusarsyni á trompet ásamt því að syngja drengja sópran, við fermingu hættir hann svo í öllu tónlistarnámi en þá segir hann að „stelpur og skellinöðrur“ hafi átt hug hans allan. Á nítjándu aldursári byrjar hann í kórnum Geysi og í framhaldi af því kynnist hann Sigurði Dementz Franzsyni, „Sigurður Dementz eiginlega flúði frá Reykjavík en hann hafði lent í ofsóknum eða eiginlega einelti“ Segir Kristján fremur þungur á brún enda kynnst þessu sama einelti á sínu eigin skinni. Nokkur ár líða og Kristján með hjálp Sigurðar flytur búferlum til Ítalíu þar sem hann nemur í þrjú ár. Vorið 1980 vinnur Kristján fyrsta sæti í Maria Callas International keppninni og eftir það vann hann fjöldan allan af keppnum. Eftir að hafa unnið fyrsta sætið á Spoleto sönghátíðinni en verðlaunin var að syngja B. F. Pinkerton í *Madama Butterfly*, var ekki aftur snúið. Eins og fyrr segir hefur Kristján sungið í stærstu óperuhúsum Evrópu og Bandaríkjanna. Heimsótti hann samt Ísland reglulega en jólin 1980 kemur hann og syngur tónleika á Akureyri og í Gamla bíó sem óperan var þá ekki enn búin að kaupa. Spurður út í kala eftir tónleikanna.

Já mér fannst það, afbrýðisemi. Eldri söngvarar byrjuðu strax að tala illa um mig ég var dálítið frakkur sko og baðst ekki afsökunar á því að vera til og sagði bara það sem mér fannst og geri enn, en fer finna í það í dag heldur en þá. En ég var ungur og dálítið graður en það var fullt af hlutum sem máttu og áttu að ganga miklu betur mér fannst ég ætti að geta gert þetta betur sem kom svo á daginn, já það var afbrýðisemi strax.

Sveinn Einarsson þáverandi Þjóðleikhússtjóri vissi að Kristján er á landinu og biður hann að koma í fyrirsöng fyrir óperuna *La Bohém* sem átti að setja upp um vorið 1981. Kristján syngur þar fyrir valnefndina en í henni sat Stefán Íslandi sem á að hafa

staðið upp í lok söngsins og sagt að nú þurfi hann ekki að leita lengur og að söngvarinn væri fundinn. Það kemur síðan flatt uppá valnefndina að Sveinn hafi áður verið búinn að ráða Garðar Cortes í hlutverkið, fór það svo að Kristján og Garðar skipta sýningum jafnt á milli sín. Óperan eða réttara sagt Garðar hafði eftir, þetta aldrei samband við Kristján.

Hann að vísu hringdi í mig tvisvar en ég vissi að það var bara út af því svo að hann gæti sagt pólitikusunum að hann hafi hringt í mig, ég var ekki einu sinni spurður að því hvort ég væri laus eða ekki. Þetta var algjört privat fyrirtæki í orðsins fyllstu merkingu og hann safnaði í kringum sig svona sínum vinum kunningjum og gæðingum aðallega úr söngskólanum sem þjónar náttúrulega engum nema þeim.

Kristján bætir samt við:

þau bæði sem starfandi söngvarar og þau voru á þessum tíma bestu söngvararnir við skulum ekkert ræða það, það var bara þannig, en þau[Garðar Cortes og Ólöf Kolbrún] áttu alls ekki að vera í þessari stöðu og ef rétt hefði átt að vera að þá hefði átt að koma utanaðkomandi óperustjóri strax.

Kristján er á þeirri skoðun að söngkennsla á Íslandi sé alltof einsleit og að of mikil áhersla sé lögð á ljóðasöng í Mozart stíl og lítil áhersla lögð á verismo og Verdi. Það hafi síðan áhrif á getu söngvara að fylla hús eins og Hörpu af hljómi þannig að allir heyri, að söngvarar þurfi að hrista af sér þetta „norðlenska slen“ sem einkenni íslenska söngvara.

Þú getur ekki lengur sungið eins og í salnum í Kópavogi með píanóleikarann við hliðina á þér það er bara allt annar hlutur menn þurfa að setja skap í þetta og hita í túlkun og hvernig þeir bera þetta frá sér þetta er ekkert raulað við rúmstokkinn lengur nota meiri skrokkinn og fá fyllingu í raddirnar og meiri fókus og resonance í röddina og passion.

Lokaorð

Íslenska Óperan er lítil menningarstofnun og þar er og hefur ráðið ríkjum fámennur hópur fólks, jafnvel í of langan tíma sem þar af leiðandi gæti komið niður á fjölbreytni í óperu og söngvaravali. Sumir söngvarar hafa starfað hjá óperunni í langan tíma við góðan orðstýr en aðrir hafa aldrei stigið fæti á sviðið þótt færni, menntun og reynsla hafi verið til staðar. Velta má vöngum yfir því hvort þeir sem búi á stór Reykjavíkursvæðinu hafi átt meiri líkur á frama vegna nálægðar og kunningsskapar við þá sem stóðu að Íslensku Óperunni. Vegna sterkra tengsla Söngskóla Reykjavíkur við Íslensku Óperunnar, hefur jafnvel óeðlilega mikill fjöldi söngnema þaðan átt mun auðveldara með að komast að hjá óperunni. Aftur á móti stendur Söngskóli Reykjavíkur mjög framalega í sinni söngkennslu það gæti jafnvel verið ein af þeim ástæðum fyrir þeim fjölda söngvara sem ná frama í óperunni. Íslenska Óperan hefur gert heilmikið gott fyrir samfélag söngvara og margir af okkar helstu söngvurum hafa tekið sín fyrstu skref á sviði og í framhaldi af því blómstrað og notið velgengni í sínum frama. Sumir þeirra hafa staldrað við í lengri tíma en aðrir og enn aðrir notað reynslu sína í Íslensku Óperunni sem lyftistöng fyrir frama á erlendum vettvangi. Þörfin í samfélaginu fyrir óperur er til staðar en leiða má líkur að því að lausnin felist ekki endilega í þeirri Óperu sem við þekkjum núna sem sjálfstæðri einingu, heldur ef til vill í samfloti með öðru félagi líkt og Þjóðleikhúsinu þar sem séð yrði fyrir því að þrjár til fjórar óperur yrðu settar upp á ári hverju. Með því að fara í stærri heild gæfist minna rúm fyrir vinahylli í vali á söngvurum og í framhaldi lyft óperunni uppá hærra plan.

Heimildaskrá

Björn Jóhannsson, „Höfðingleg gjöf“, *Morgunblaðið*, 4. nóvember 1980, bls. 20, sótt 9. janúar 2014,

http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=118005&pageId=1533351&lang=is&q=gj%F6f

Bodo Igesz, *Lúkretía svívirt*, Íslenska Óperan, Gamla bíó, 2000.

Christopher Renshaw, *Töfraflautan*, Gamla bíó, 1991, bls. 43.

Halldór E. Laxness, *Galdra Loftur*, Íslenska Óperan, Gamla bíó, 1996, bls. 81

Halldór E. Laxness, *Galdra Loftur*, Íslenska Óperan, Gamla bíó, 2001, bls. 38.

Heimasíða Íslensku Óperunnar, „Íslenska Óperan“, Íslenska Óperan, sótt 9. janúar

2014, <http://www.opera.is/category.asp?catID=71>

Heimasíða Íslensku Óperunnar, *Íslenska Óperan*, Íslenska Óperan, sótt 9. janúar 2014,

<http://opera.is/article.asp?catID=58&ArtId=50>

Hilmir snær Guðnason, *Töfraflautan*, Gamla bíó, 2001, bls. 56.

Hilmir snær Guðnason, *Töfraflautan*, Íslenska Óperan, Gamla bíó, 2001, bls. 28.

Hilmir Snær Guðnason, *Töfraflautan*, Íslenska Óperan, Gamla bíó, 2001, bls. 28.

Höfundar ekki getið, „Ögrandi og spennandi verkefni“, *DV*, 28. Ágúst 2001, bls. 13,

sótt 9. janúar 2014,

http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=200507&pageId=3019570&lang=is&q=%D3lafur%20Kjartan%20Sigur%F0sson

Höfundar ekki getið, „Pagliacchi frumflutt á morgun“, *Morgunblaðið*, 10. mars 1979, bls. 2, sótt 9. janúar 2014,

http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=117415&pageId=1510656&lang=is&q=Pagliacci

Ingólfur Niels Árnason, *Rakarinn í Sevilla*, Íslenska Óperan, Gamla bíó, 2002, bls. 28

Jamie Hayes, *Carmen*, Íslenska Óperan, Harpa, 2013.

John Copley, *Évgení Ónegín*, Íslenska Óperan, Gamla bíó, 1993, bls. 34.

Jónas Sen, „Bara einn söngvari sló í gegn“, *Vísir*, 21. október 2013, sótt 9. janúar

2014, <http://www.visir.is/bara-einn-songvari-slo-i-gegn/article/2013710219943>

Katrín Pálsdóttir, „Verð oft andvaka út af söngtextunum“, *Vísir*, 31. mars 1979, bls.

16, sótt 9. janúar 2014,

http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=248849&pageId=3385562&lang=is&q=%F3l%F6f%20Kolbr%FAn

Kári Halldór, *Werther*, Íslenska Óperan, Gamla bíó, 2003, bls. 40.

Kristín S. Kristjánsdóttir, *Rigoletto*, Íslenska Óperan, Gamla bíó, 1990, bls. 36.

Leikskrár Íslensku Óperunnar frá árunum 1979-2013 (74 sýningaskrár), Reykjavík, Íslenska Óperan.

Magnús Geir Þórðarson, *Seeney Todd*, Íslenska Óperan, Gamla bíó, 2004, bls. 32.

Michael Beauchamp, *Lucia di Lammermoor*, Íslenska Óperan, Gamla bíó, 1992, bls. 30.

Steward Trotter, *Carmen Negra*, Íslenska Óperan, Gamla bíó, 1998.

Terence Etheridge, *Carmina Burana*, Íslenska Óperan, Gamla bíó, 1995.

Terence Etheridge, *Carmina Burana*, Íslenska Óperan, Gamla bíó, 1990, bls. 26.

The History of the Royal Danish Theatre, The Royal Danish Theatre, sótt 9. janúar

2014, <http://kglteater.dk/about-us/teatrets-historie>

Viðtal við Kristján Jóhannsson, tekið 4. janúar 2014

Þórhildur Þorleifsdóttir, *Brúðkaup Figarós*, Íslenska Óperan, Gamla bíó, 1989, bls. 38.

Þórhildur Þorleifsdóttir, *Carmen*, Íslenska Óperan, Gamla bíó, 1984, bls. 24.

Þórhildur Þorleifsdóttir, *Il Trovatore*, Íslenska Óperan, Gamla bíó, 1986, bls. 26
Þuríður Pálsdóttir, *Pagliacci*, Íslenska Óperan, Gamla bíó, 1979